

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018, miðbær.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 22. maí 2014 breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018, sem samþykkt var í bæjarstjórn Akureyrar þann 6. maí 2014. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 14. maí 2014.

Í breytingunni felst að fallið er frá strandlínu með síki og gerðar breytingar á ákvæðum fyrir miðbæinn svo sem um hæðir húsa og bílageymslur. Mörkum miðbæjarsvæðis og útfærslu hafnar-svæðis er breytt. Glerárgötu er hliðrað lítillega á kafla auk þess sem henni er breytt í tvær akreinar í stað fjögurra.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 22. maí 2014.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 6. júní 2014